Jóhann Sjursen
Vörðustíg 7.B

408.

Merkurgata 9B

Sem umboðsmaður verzlunarhússins
J. P. T. Bryde í Hafnarfirði
leigi eg með bréfi þessu, herra Vilmundi
Jónssyni hér í bænum, lóð þá sem áður stendur
undir og kringum íbúðarhús það, sem
hann hefir byggt í sumar, er hér segir.

Hin umtalaða lóð er á landnorður-
horninu á hinu svonefnda Gesthúsagerði,
og er 20 ál. á breidd frá austri til vesturs
meðfram lóð Eyjólfs Þorleifssonar;
frá norðri til suðurs er lóðin 24 ál. að norðan;
suðurhliðin er 26 ál. frá austri til vesturs,
og að austan 26 ál. meðfram lóð Sigur-
geirs vegaverkstjóra Gíslasonar. Stærð
hússins er 9×8 ál.

Leiguskilmálar eru þessir:

1, lóðin er leigð til þess að byggja á henni
hús, jarðeplagarða og yfir höfuð til
hvers annars vanalegra afnota sem vera
skal, allt eftir fyrirmælum vega- og bygg-
inganefndar bæjarins.

2, Í leigu fyrir lóðina skal greiða 10—

Hafnarfjarðarbær
Innk: 1.9.2015
Málsnr: 1509015
Bréfal: 591.1

tíu krónur til lóðareiganda, eða umboðs-
manns hans fyrir hvert ár, og er ein-
dagi greiðslunnar 1. Október, í fyrsta skifti
1. Október 1910. –

3, Ef lóðargjaldið ekki er greitt í gjald-
daga, má þar til lúkningar gjöra fjár-
nám í húsinu þeim og mannvirkjum,
sem á lóðinni standa. –

4, Flytji leiguliði alt hús burtu af lóð-
inni eða felli þau niður á einhvern annan
hátt, og greiði síðan ekki lóðargjaldið,
gengur samningur þessi úr gildi, og
fellur lóðin þá aftur undir yfirráð
eiganda.

5, Ekki má leiguliði leyfa neinum
öðrum, nokkur sem helst afnot lóðar-
innar án samþykkis lóðareiganda,
og engra samninga við hann. –

Að því, er upphæð lóðargjaldsins
snertir, gildir samningur þessi, sem um-
boðsmaður lóðareiganda og leiguliði undir-
skrifa, um næstu tuttugu og fimm ár,
og það eins þótt hús þau og mann-
virki, sem gjörð verða á lóðinni, verði
veðsett öðrum, gangi kaupum og söl-

um, afseli eða erfðum, en að þeim tíma liðnum, eða árið 1934 skal lóðarsamningurinn endurnýjjast að því er lóðargjaldsupphæðina snertir, en haldist óbreyttur að öðru leyti. –

Varnaþing leigjuliðs þetta er alls samningsins hellum í gildi. –

Hafnarfirði 30. Oktober 1909
Fyrir hönd J. P. T. Brydes
Þórður Edilonsson

Samningi þessum er eg samþykkur og undirgengst hann í öllum atriðum.
ol. u. s.
Vilmundur Jónasson